# Leiðbeiningar vegna hraðatakmarkandi aðgerða í Reykjanesbæ

reykjanesbaer.is

# Leiðbeiningar vegna hraðatakmarkandi aðgerða í Reykjanesbæ

Reykjanesbær, xx. maí 2023

# Efnisyfirlit

1. Inngangur ..... 4
2. Götuflokkun ..... 4
a. Stofngata ..... 4
b. Tengigata ..... 5
c. Safngata ..... 5
d. Húsagata ..... 5
e. Lífæð ..... 5
f. Þjóðvegur í þéttbýli ..... 5
3. Helstu leiðir barna innan sveitarfélagsins ..... 6
3.1. Skólahverfin ..... 6
4. Leiðbeiningar vegna óska um hraðatakmörkun ..... 6
4.1. Verkferill vegna óska um hraðatakmarkandi aðgerðir ..... 7
5. Val á útfærslu hraðahindrana eða hraðatakmarkana ..... 8
6. Heimildir og nánari upplýsingar ..... 9
7. Viðaukar ..... 10
7.1. Götulisti með flokkun gatna ..... 10
7.2. Leiðbeiningar Vegagerðarinnar varðandi *umferðaröryggi* ..... 16
7.3. Dæmi um götuþrengingar ..... 17

# 1. Inngangur

Í leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gönguþveranir, er fjallað um áhrif umferðarhraða á umferðaröryggi:

> ,,Áhrif umferðarhraða bifreiða á umferðaröryggi eru tvennskonar. Annars vegar hefur umferðarhraði bein áhrif á afleiðingar umferðaróhapps og hins vegar hefur hann afgerandi áhrif á það hvort hægt sé að afstýra óhappi. Eftir því sem hraði bifreiðar er meiri þegar ekið er á gangandi vegfarenda þeim mun líklegra er að hann láti lífið eða slasist alvarlega. Ökumaður sem ekur á 30 km/klst. hraða nær að bremsa og afstýra óhappi ef skyndilega er ekið eða gengið í veg fyrir bílinn 15 m fyrir framan hann. Ef ökumaðurinn hefði verið á 50 km/klst. hraða hefði hann ekið á viðkomandi á meira en 45 km/klst. hraða. Þetta er miðað við þurrt malbik og stuttan viðbragðstíma (1 sek.). Fyrir utan þessi beinu áhrif hraða á umferðaröryggi þá hefur hraði bifreiða einnig áhrif á það hvort ökumenn stöðva við gönguþverun til að hleypa gangandi yfir. Eftir því sem hraðinn er lægri þeim mun líklegri eru ökumenn til að stöðva (Várhelyi. 1997)" (*Gönguþveranir*. 2014, 7).

Fjöldi beiðna um hraðatakmarkandi aðgerðir berast sveitarfélaginu á ári hverju og ljóst að minni ökuhraði eykur umferðaröryggi. Sumar götur eru þó þess eðlis að þær þola meiri ökuhraða, bæði vegna skipulags innan hverfis og umferðarálags sem þarf að greiða fyrir á tilteknum stöðum. Mikilvægt er að þær beiðnir sem berast sveitarfélaginu séu unnar á gagnsæjan máta og samræmis gætt við vinnslu þeirra til að stuðla að því að ákveðin heildarsýn sé höfð að leiðarljósi þegar afstaða er tekin til óska íbúa. Það stuðlar auk þess að sátt um umferðarskipulag bæjarins.

# 2. Götuflokkun

Allar götur bæjarins eru flokkaðar niður eftir gerð í ólíka flokka. Í þéttbýli flokkast götur í stofnbrautir, tengibrautir og aðra vegi. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli. Aðalskipulag Reykjanesbæjar mótar stefnu um legu og umfang stofnbrauta og tengibrauta í þéttbýli og stofnvegi og tengivegi utan þéttbýlis. Umfang og útfærsla safnbrauta og húsagatna er skýrð í deiliskipulagsáætlunum.

## a. Stofngata

Stofngötur eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Stofngötur Reykjanesbæjar eru:

- Vesturbraut
- Hringbraut, frá Vesturbraut að Garðskagavegi
- Njarðarbraut
- Aðalgata
- Grænásvegur
- Heiðarberg
- Grænásbraut
- Þjóðbraut (Ásbrú)
- Víknavegur
- Njarðvíkurvegur
- Stapabraut

Þær götur sem flokkast undir stofnvegakerfi utan þéttbýlis, sem stofngötur bæjarins tengjast eru:

- Reykjanesbraut
- Hafnarvegur
- Garðskagavegur
- Miðnesheiðarvegur

## b. Tengigata

Tengigötur tengja einstaka bæjarhluta við stofngötukerfið.

## c. Safngata

Safngötur eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis og tengja húsagötur við tengi- og stofngötur.

## d. Húsagata

Húsagötur eiga fyrst og fremst að veita aðgang að húsum og starfsemi við viðkomandi götum. Húsagötur tengjast safngötum.

## e. Lífæð

Svokölluð lífæð liggur eftir endilöngum bænum og tengir bæjarfélagið í eina heild. Umhverfi lífæðarinnar miðast jafnt við þarfir gangandi, hjólandi og akandi innanbæjarumferð. Markmið sveitarfélagsins er að styrkja „lífæðina“ og gera hana aðgengilega fyrir alla ferðamáta, hjólandi, gangandi, akandi og þá sem ferðast með almenningssamgöngum. Þær götur sem flokkast sem lífæð Reykjanesbæjar eru eftirfarandi:

- Dalsbraut
- Tjarnarbraut
- Njarðarbraut
- Hafnargata

## f. Þjóðvegur í þéttbýli

Vegagerðin er veghaldari þeirra gatna sem flokkast sem þjóðvegir í þéttbýli. Í Reykjanesbæ á þetta við um Helguvíkurveg (Stakksbraut) og Keflavíkurveg (felur í sér Þjóðbraut, Hafnargötu, Víkurbraut, Hrannargötu, Njarðarbraut og Hafnarbraut).

# 3. Helstu leiðir barna innan sveitarfélagsins

Í umferðarlögum (Alþingi. 1987), í reglum fyrir alla umferð er kveðið á um að:

> *Lögreglustjóri og veghaldari skulu í samráði við viðkomandi skólayfirvöld gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla. (4.gr)*

Við skipulagningu gönguleiða í þéttbýli er því mikilvægt að greina leiðir gangandi og hjólandi vegfarenda, með áherslu á umferð skólabarna. Reykjanesbær hefur kortlagt helstu leiðir barna með áherslu á að tryggja öruggar leiðir fyrir börn milli heimilis, skóla og frístunda, og nýtist sú kortlagning við ákvarðanatöku um hraðatakmarkandi aðgerðir. Í leiðbeiningum Vegargerðarinnar um gönguþveranir er fjallað um að við helstu leiðir barna í skóla og frístundir sé mikilvægt að hámarkshraði ökutækja sé ekki hærri en 30 km/klst. Hanna ætti götur við slíkar leiðir þannig að raunhraði verði ekki hærri en 35 km/klst. Þannig er stuðlað að því að ökumenn nái að bregðast tímanlega við ef barn, eða annar vegfarandi, gengur óvænt í veg fyrir bílinn og að óhapp sem gæti orðið verði síður alvarlegt (*Gönguþveranir*. 2014, 11).

## 3.1. Skólahverfin

Alls eru sjö skólahverfi í Reykjanesbæ sem tengjast grunnskólum bæjarins:

- Akurskóli
- Heiðarskóli
- Háaleitisskóli
- Holtaskóli
- Myllubakkaskóli
- Njarðvíkurskóli
- Stapaskóli

Við mat á hraðatakmörkunum þarf að taka mið af þessum hverfum þannig að tryggt sé að ökuhraða sé haldið í lágmarki innan þeirra og í nálægð við þau, sem og að gönguleiðir séu tryggar í nágrenni skólanna. Gönguleiðir eru flokkaðar á sambærilegan hátt og götur bæjarins.

# 4. Leiðbeiningar vegna óska um hraðatakmörkun

Óskir um hraðatakmarkanir af ýmsu tagi berast sveitarfélaginu reglulega. Slíkar beiðnir skulu berast Umhverfissviði. Fulltrúi þess mun meta beiðnina í samræmi við verkferil sem er aðgengilegur í kafla 4.1. Framhald máls er háð þeirri niðurstöðu sem verkferilinn leiðir af sér. Sé skýrt að fara þurfi í hraðatakmarkandi aðgerðir eftir að verkferli hefur verið fylgt, þarf að velja hvers konar hraðatakmörkun hentar best. Tillaga um slíkt er send áfram til Umhverfis-

og skipulagsráðs sem tekur afstöðu til hennar. Ef niðurstaða verkferils er ekki afgerandi á þann veg að hraðatakmarkandi aðgerðir séu nauðsynlegar, skal fulltrúi Umhverfissviðs halda fund með íbúum götu til að ræða aðra möguleika. Þeir gætu sem dæmi verið skipulagslegs eðlis eins og að gera götu að einstefnugötu svo dæmi sé tekið. Í framhaldi af slíkum fundi færi málið til skipulagsfulltrúa og tillaga hans áfram til Umhverfis- og skipulagsráðs. Þriðja niðurstaða verkferils er sú að hraðatakmarkandi aðgerðir séu metnar óþarfar og beiðni því hafnað. Mál yrði sent Umhverfis- og skipulagsráði til staðfestingar áður en íbúum yrði kynnt niðurstaðan skriflega.

## 4.1. Verkferill vegna óska um hraðatakmarkandi aðgerðir

Gátlisti vegna hraðatakmarkandi aðgerða

1. Liggur fyrir samþykki íbúa götunnar fyrir hraðatakmarkandi aðgerðum?

| | |
|---|---|
| | Já, frá öllum húsum |
| | Já, frá meirihluta húsa |
| | Nei |

2. Í hvaða götuflokk fellur gatan?

| | | |
|---|---|---|
| | a) Stofngata | |
| | b) Safngata | |
| | c) Tengigata | |
| | d) Húsagata: | i) Almenn húsagata |
| | | ii) Lokuð húsagata |
| | | iii) Einstefnugata |
| | | iv) Vistgata |
| | e. Þjóðvegur í þéttbýli | |

3. Hefur Vegagerðin gefið út leiðbeiningar vegna viðkomandi götuflokks til að byggja á?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

4. Hver er hámarkshraði í götunni?

| | |
|---|---|
| | 50 km/klst. |
| | 30 km/klst. |
| | 10 km/klst. |

5. Er regluleg umferð skólabarna um götuna?

| | |
|---|---|
| | Já |
| | Nei |

6. Er möguleg ástæða hraðaaksturs í götunni þekkt?

| | | |
|---|---|---|
| | Já, tenging við aðrar götur: | a) Stofngata |
| | | b) Safngata |
| | | c) Tengigata |
| | Já, tenging við skóla eða íþróttamannvirki | |
| | Já, einn eða fleiri íbúar í götunni | |
| | Já, einn eða fleiri aðstandendur íbúa í götunni | |
| | Ástæða hraðaksturs óþekkt | |

7. Hefur hraðamælir verið settur upp í götunni?

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Já | Fjöldi bíla á dag | |
| | | Fjöldi bíla á dag yfir hámarkshraða | |
| | | Mesti mældi hraði | |
| | | Mesti umferðarþungi kl. | |
| | | Minnsti umferðarþungi kl. | |
| | Nei | | |

8. Niðurstaða máls:

| | |
|---|---|
| | Beiðni samþykkt, farið í val á hraðatakmarkandi aðgerð |
| | Beiðni sett í bið, fundur með íbúum götu til að ræða aðra möguleika |
| | Beiðni hafnað |

## 5. Val á útfærslu hraðahindrana eða hraðatakmarkana

- Götuþrengingar
- Upplyftar hindranir
- Botngata
- Einstefna
- Vistgata
- Eftirlit með hraða
- Aukið samstarf við lögreglu

# 6. Heimildir og nánari upplýsingar

Umferðarlög nr. 77/2019. www.althingi.is/lagas/nuna/2019077.html

Vegagerðin. (2014). *Götuþveranir*. Sótt af www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Leidbeiningar_gangbrautir/$file/2015-01-13_Leidbeiningar_gangbrautir.pdf

# 7. Viðaukar

## 7.1. Götulisti með flokkun gatna

Allar götur bæjarins í stafrófsröð og götuflokkun þeirra.

| | | |
|---|---|---|
| AÐALGATA | 1487 | Stofngata |
| AÐALGATA | 360 | Tengigata |
| AFREKSBRAUT | 725 | Safngata |
| AKURBRAUT | 300 | Safngata |
| AKURBRAUT | 225 | Tengigata |
| ASPARDALUR | 214 | Safngata |
| AUSTURBRAUT | 92 | Húsagata |
| AUSTURGATA | 220 | Húsagata |
| AXARTRÖÐ | 142 | Húsagata |
| ÁLFTATJÖRN | 68 | Húsagata |
| ÁLSVELLIR | 200 | Tengigata |
| ÁSABRAUT | 156 | Húsagata |
| ÁSGARÐUR | 160 | Húsagata |
| BAKKASTÍGUR | 425 | Tengigata |
| BAKKAVEGUR | 735 | Tengigata/Húsagata |
| BALDURSGARÐUR | 157 | Húsagata |
| BALDURSGATA | 135 | Húsagata |
| BAUGHOLT | 397 | Húsagata |
| BÁSVEGUR | 194 | Safngata |
| BERGÁS | 643 | Safngata |
| BERGHÓLABRAUT | 1525 | Safngata |
| BERGVEGUR | 420 | Húsagata |
| BEYKIDALUR | 399 | Tengigata |
| BIRKIDALUR | 150 | Húsagata |
| BIRKIHLÍÐ | 594 | Safngata |
| BIRKITEIGUR | 312 | Húsagata |
| BJARKARDALUR | 411 | Safngata |
| BJARNAVELLIR | 190 | Húsagata |
| BLIKABRAUT | 132 | Húsagata |
| BLIKATJÖRN | 173 | Safngata |
| BOGATRÖÐ | 848 | Húsagata |
| BOLAFÓTUR | 470 | Safngata |
| BORGARBRAUT | 318 | Húsagata |
| BORGARVEGUR | 403 | Safngata |
| BORGARVEGUR | 300 | Húsagata |
| BRAGAVELLIR | 280 | Húsagata |
| BREIÐBRAUT | 1442 | Safngata |
| BREKADALUR | 1210 | Tengigata |
| BREKKUBRAUT | 193 | Húsagata |
| BREKKUSTÍGUR | 963 | Safngata |
| BRIMDALUR | 166 | Safngata/Húsagata |
| BRUNNSTÍGUR | 85 | Húsagata |
| BRYGGJUVEGUR | 120 | Safngata |
| DALSBRAUT | 1181 | Tengigata |
| DJÚPIVOGUR | 282 | Húsagata |
| DRANGAVELLIR | 189 | Húsagata |

| | | |
|---|---|---|
| DUUSGATA | 125 | Safngata |
| EFSTALEITI | 667 | Húsagata |
| EIKARDALUR | 258 | Safngata |
| EINIDALUR | 185 | Húsagata |
| ELLIÐAVELLIR | 355 | Safngata/Húsagata/Tengigata |
| ENGIDALUR | 456 | Safngata |
| ERLUTJÖRN | 117 | Húsagata |
| EYJAVELLIR | 350 | Tengigata |
| EYKTARTRÖÐ | 378 | Húsagata |
| FAGRIGARÐUR | 210 | Safngata |
| FAXABRAUT | 1167 | Safngata/Húsagata |
| FAXAGRUND | 293 | Safngata |
| FERJUTRÖÐ | 1912 | Safngata |
| FITJAÁS | 308 | Húsagata |
| FITJABAKKI | 169 | Safngata |
| FITJABRAUT | 882 | Safngata |
| FITJAR (STEKKUR) | 160 | Stofngata |
| FÍFUDALUR | 505 | Húsagata |
| FÍFUMÓI | 410 | Húsgata/Safngata |
| FJÖRUBRAUT | 317 | Húsagata |
| FLUGBRAUT | 331 | Safngata |
| FLUGVALLABRAUT | 2097 | Stofngata |
| FLUGVALLARVEGUR | 200 | Safngata |
| FLUGVELLIR | 1782 | Tengigata |
| FRAMNESVEGUR | 310 | Húsagata |
| FREYJUVELLIR | 365 | Húsagata |
| FUGLAVÍK | 2133 | Safngata |
| FUNATRÖÐ | 381 | Húsagata |
| FURUDALUR | 268 | Safngata |
| GARÐAVEGUR | 202 | Húsagata |
| GARÐVEGUR | 1540 | Þjóðvegur |
| GEIRDALUR | 485 | Tengigata |
| GÍGJUVELLIR | 170 | Húsagata |
| GÓNHÓLL | 703 | Húsagata |
| GRENIDALUR | 184 | Safngata |
| GRENITEIGUR | 395 | Húsagata |
| GRJÓTÁS | 142 | Húsagata |
| GRÓFIN | 647 | Safngata |
| GRUNDARVEGUR | 288 | Húsagata |
| GRÆNALAUT | 203 | Húsagata |
| GRÆNÁS | 240 | Húsagata |
| GRÆNÁSBRAUT | 2490 | Stofngata |
| GRÆNÁSVEGUR | 708 | Stofngata |
| GRÆNIGARÐUR | 145 | Húsagata |
| GUÐNÝJARBRAUT | 283 | Húsagata |
| HAFDALUR | 273 | Safngata/Húsagata |
| HAFNAGATA | 530 | Safngata |
| HAFNARBAKKI | 649 | Safngata |
| HAFNARBRAUT | 777 | Þjóðvegur í Þéttbýli |
| HAFNARGATA | 1383 | Þjóðvegur í þéttbýli/Tengigata |
| HAFNAVEGUR | 360 | Þjóðvegur í þéttbýli/þjóðvegur |

| | | |
|---|---|---|
| HAFNAVEGUR | 9170 | Þjóðvegur í þéttbýli/þjóðvegur |
| HAMRADALUR | 202 | Húsagata |
| HAMRAGARÐUR | 147 | Húsagata |
| HÁALEITI | 472 | Húsagata |
| HÁHOLT | 344 | Húsagata |
| HÁSEYLA | 362 | Safngata |
| HÁSEYLA | 200 | Húsagata |
| HÁTEIGUR | 310 | Húsagata |
| HÁTÚN | 450 | Húsagata |
| HEIÐARBAKKI | 235 | Húsagata |
| HEIÐARBERG | 789 | Stofngata |
| HEIÐARBÓL | 820 | Húsagata/Safngata |
| HEIÐARBRAUT | 736 | Safngata |
| HEIÐARBRÚN | 256 | Húsagata |
| HEIÐARENDI | 146 | Tengigata |
| HEIÐARGARÐUR | 240 | Húsagata |
| HEIÐARGIL | 133 | Húsagata |
| HEIÐARHOLT | 510 | Safngata |
| HEIÐARHORN | 380 | Húsagata |
| HEIÐARHVAMMUR | 323 | Safngata |
| HEIÐARTRÖÐ | 803 | Tengigata |
| HEIÐARVEGUR | 400 | Húsagata |
| HEIMAVELLIR | 190 | Húsagata |
| HELGUVÍKURHÖFN | 650 | Stofngata |
| HELGUVÍKUVEGUR | 687 | Stofngata |
| HELLUTRÖÐ | 380 | Húsagata |
| HJALLALAUT | 420 | Húsagata |
| HJALLAVEGUR | 587 | Tengigata |
| HLÍÐARVEGUR | 338 | Húsagata |
| HOLTGATA | 75 | Húsagata |
| HOLTSGATA | 707 | Safngata |
| HÓLABRAUT | 127 | Húsagata |
| HÓLAGATA | 543 | Húsagata |
| HÓLAMIÐ | 745 | Safngata |
| HÓLMBERGSBRAUT | 632 | Tengigata |
| HÓLMGARÐUR | 183 | Safngata |
| HRANNARGATA | 370 | Tengigata |
| HRAUNDALUR | 174 | Húsagata |
| HRAUNSVEGUR | 326 | Húsagata |
| HRAUNTÚN | 225 | Húsagata |
| HRINGBRAUT | 1022 | Stofngata |
| HRINGBRAUT | 2000 | Tengigata |
| HVALVÍK | 1020 | Safngata |
| HÆÐARGATA | 192 | Húsagata |
| IÐAVELLIR | 473 | Safngata |
| IÐJUSTÍGUR | 132 | Tengigata |
| ÍSHÚSSTÍGUR | 170 | Húsagata |
| KEFLAVÍKURVEGUR(BORGARBR.) | 1675 | Húsagata |
| KEILISBRAUT | 722 | Safngata |
| KIRKJUBRAUT | 1068 | Húsagata |
| KIRKJUTEIGUR | 296 | Húsagata |

| | | |
|---|---|---|
| KIRKJUVEGUR | 480 | Tengigata |
| KIRKJUVEGUR | 230 | Húsagata |
| KIRKJUVOGUR | 400 | Safngata |
| KJARRMÓI | 204 | Húsagata |
| KLAPPARSTÍGUR | 130 | Húsagata |
| KLAPPARSTÍGUR | 252 | Húsagata |
| KLETTARTÖÐ | 1350 | Tengigata |
| KLETTÁS | 361 | Húsagata |
| KLIFTRÖÐ | 815 | Safngata |
| KÓPUBRAUT | 437 | Húsagata |
| KROSSHOLT | 247 | Húsagata |
| KROSSMÓI | 500 | Safngata |
| KROSSMÓI | 100 | Tengigata |
| LANGHOLT | 260 | Húsagata |
| LAUFDALUR | 324 | Safngata |
| LÁGMÓI | 235 | Húsagata |
| LÁGSEYLA | 359 | Safngata |
| LEIRDALUR | 455 | Safngata |
| LERKIDALUR | 195 | Húsagata |
| LINDARBRAUT | 560 | Safngata |
| LÓMATJÖRN | 241 | Safngata |
| LYNGHOLT | 268 | Húsagata |
| LYNGMÓI | 235 | Húsagata |
| MARDALUR | 169 | Húsagata |
| MÁNAGATA | 124 | Húsagata |
| MÁNAGRUND | 351 | Safngata |
| MÁVABRAUT | 221 | Húsagata |
| MÁVATJÖRN | 338 | Húsagata |
| MELAVEGUR | 277 | Húsagata |
| MELÁS | 170 | Húsagata |
| MELTEIGUR | 412 | Húsagata |
| MIÐGARÐUR | 145 | Húsagata |
| MIÐTÚN | 148 | Húsagata |
| MOSDALUR | 195 | Tengigata |
| MÓAVEGUR | 151 | Húsagata |
| MÓAVELLIR | 110 | Húsagata |
| MÝRDALUR | 181 | Tengigata |
| NESVEGUR | 1000 | Stofngata |
| NJARÐARBRAUT | 3456 | Tengigata |
| NJARÐARGATA | 242 | Safngata |
| NJARÐARVELLIR | 0 | Nesvellir lóð |
| NJARÐVÍKURBRAUT | 309 | Tengigata |
| NJARÐVÍKURBRAUT | 500 | Safngata |
| NJARÐVÍKURVEGUR | 202 | Stofngata |
| NORÐFJÖRÐSGATA | 218 | Safngata |
| NORÐURGARÐUR | 227 | Húsagata/Vistgata |
| NORÐURSTÍGUR | 80 | Húsagata/Skólalóð |
| NORÐURTÚN | 157 | Húsagata |
| NORÐURVELLIR | 1121 | Húsagata |
| NÓNVARÐA | 334 | Safngata |
| ÓÐINSVELLIR | 280 | Húsagata |

| | | |
|---|---|---|
| RÁNARGATA | 75 | Húsagata |
| RÁNARVELLIR | 153 | Húsagata |
| REYKJANESVEGUR | 715 | Húsagata |
| REYNIDALUR | 175 | Safngata |
| RÉTTARVEGUR | 130 | Húsagata |
| SANDGERÐISVEGUR | 450 | Þjóðvegur |
| SELÁS | 268 | Húsagata |
| SELJAVOGUR | 410 | Safngata |
| SELJUDALUR | 617 | Safngata/Húsagata |
| SELVÍK | 1839 | Tengigata |
| SEYLUBRAUT | 0 | Stofngata |
| SEYLUGATA | 0 | Stofngata |
| SJAFNARVELLIR | 195 | Húsagata |
| SJÁVARGATA | 659 | Húsagata |
| SJÓNARHÓLL | 502 | Safngata |
| SKÓGARBRAUT | 1555 | Safngata |
| SKÓLABRAUT | 209 | Tengigata |
| SKÓLAVEGUR | 1000 | Tengigata |
| SKÓLAVEGUR | 533 | Safngata |
| SMÁRATÚN | 585 | Húsagata |
| SMIÐJUTRÖÐ | 471 | Safngata |
| SMIÐJUVELLIR | 150 | Safngata |
| SÓLTÚN | 259 | Húsagata |
| SÓLVALLAGATA | 861 | Safngata |
| SPÓATJÖRN | 78 | Tengigata |
| STAKKSBRAUT | 1770 | Þjóðvegur í þéttbýli |
| STAKKSBRAUT 7 | 440 | Safngata |
| STAPABRAUT | 3048 | Stofngata |
| STAPAGATA | 605 | Tengigata |
| STAPAVELLIR | 386 | Húsagata/Safngata |
| STARMÓI | 218 | Húsagata/Vistgata |
| STEINÁS | 635 | Húsagata |
| STEKKJARGATA | 809 | Húsagata |
| SUÐURBRAUT | 590 | Safngata |
| SUÐURGARÐUR | 170 | Húsagata/Vistgata |
| SUÐURGATA | 632 | Húsagata |
| SUÐURTÚN | 155 | Húsagata |
| SUÐURVELLIR | 432 | Tengigata |
| SUNNUBRAUT | 935 | Safngata/Húsagata |
| SÚLUTJÖRN | 358 | Tengigata |
| SVÖLUTJÖRN | 632 | Safngata |
| SÆDALUR | 203 | Húsagata |
| SÖRLAGRUND | 273 | Safngata |
| THORKELLIGATA | 85 | Safngata |
| TJARNARBAKKI | 617 | Safngata |
| TJARNARBRAUT | 1431 | Tengigata |
| TJARNARGATA | 713 | Safngata |
| TJARNARGATA | 405 | Safngata |
| TRÖNUDALUR | 472 | Tengigata |
| TUNGUVEGUR | 167 | Húsagata |
| TÚNGATA | 365 | Húsagata |

| | | |
|---|---|---|
| TÝSVELLIR | 96 | Húsagata |
| UNNARDALUR | 340 | Tengigata |
| URÐARÁS | 227 | Húsagata |
| URÐARBRAUT | 543 | Tengigata |
| VALHALLARBRAUT | 1124 | Safngata |
| VALLARÁS | 1044 | Húsagata |
| VALLARBRAUT | 503 | Safngata |
| VALLARGATA | 387 | Húsagata |
| VALLARTÚN | 110 | Húsagata |
| VATNSHOLT | 321 | Safngata |
| VATNSNESVEGUR | 680 | Tengigata |
| VESTURBRAUT | 624 | Tengigata |
| VESTURGATA | 528 | Tengigata |
| VESTURGATA | 400 | Safngata |
| VIRKISBRAUT | 594 | Stofngata |
| VITABRAUT | 200 | Húsagata |
| VÍÐIDALUR | 400 | Safngata/Húsagata |
| VÍKINGABRAUT | 460 | Safngata |
| VÍKURBRAUT | 390 | Þjóðvegur í þéttbýli |
| VOGSHÓL | 1171 | Safngata |
| VÖLUÁS | 253 | Húsagata |
| VÖRÐUBRÚN | 85 | Húsagata |
| ÞJÓÐBRAUT | 2328 | Tengigata |
| ÞÓRSVELLIR | 111 | Húsagata |
| ÞÓRUSTÍGUR | 355 | Húsagata |
| ÞRASTARTJÖRN | 440 | Safngata |
| ÞVERHOLT | 362 | Húsagata |
| ÆGISGATA | 1086 | Tengigata |
| ÆGISVELLIR | 385 | Húsagata |

## 7.2. Leiðbeiningar Vegargerðarinnar varðandi *umferðaröryggi*


Vegagerðin. (2014). *Gönguþveranir*. Sótt af https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Leidbeiningar_gangbrautir/$file/2015-01-13_Leidbeiningar_gangbrautir.pdf

Vegagerðin. (2010). *Umferðaröryggisúttekt vega*. Sótt af https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdaroryggisuttekt_vega/$file/Umferdaroryggisuttekt%20vega.pdf

Vegagerðin. (2010). *Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga. Leiðbeiningar*. Sótt af https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Umferdaroryggisaaetl_sveitarfel/$file/Umforyggisaaetl_sveitarfel.pdf

## 7.3. Dæmi um götuþrengingar








Gangstätt
Gata
Gata
Gangstätt
2000
4000
4000
2300
12300





150 mm
9000
UPPHÆKKUN FYRIR STRÆTISVAGNA M.V. MAX 40 Km/klst
KANTSTEINN
GANGSTÉTT
GANGSTÉTT
9000
UPPHÆKKUN FYRIR STRÆTISVAGNA M.V. MAX 40 Km/klst


100 mm
100 ofan
4000 - 5000
UPPHÆKKUN
R=20,00
5000 = Umferð strætó
KANTSTEINN
GANGSTÉTT
GANGSTÉTT
4000-5000 mm
UPPHÆKKUN
5000 = Umferð strætó


80-100mm
1500
2500-4000 mm
1500
UPPHÆKKUÐ GANGBRAUT
KANTSTEINN
GANGSTETT
GANGSTÉTT
1500
2500-4000 mm
1500
UPPHÆKKUÐ GANGBRAUT



Blómasúlur
Gangstétt
Þrenging
Gata
4000
Þrenging
Gangstétt




GANGSTÉTT
BLÓMASÚLA
KANTSTEINN
4000
2000
2500
2000
6500
VEGÞRENGING OG GANGBRAUT
GANGSTÉTT



Blómasúla
Gangstétt
Þrenging
Gata
Þrenging
Gangstétt
4000
GANGSTÉTT
BLÓMASÚLA
KANTSTEINN
4000
2000
2500
2000
6500
VEGÞRENGING OG GANGBRAUT
GANGSTÉTT

REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS